



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Priðjudaginn 26. janúar 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Endurskoðun samnings við Hjallastefnu

Fyrir fundinum lá endurskoðaður samningur við Hjallastefnu. Í samningnum sem er til fimm ára frá 1. janúar 2016 er fjallað um faglegar og fjárhagslegar forsendur sem samningsaðilar eru sammála um. Í ljósi þeirra launahækkana sem urðu með gerð kjarasamnings og starfsendurmats á árinu 2015 hefur kostnaður við leikskólann vaxið mjög.

Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra að ljúka frágangi samningsins í ljósi umræðu á fundinum. Endanlegur texti samningsins verði kynntur sveitarstjórn áður en hann verði undirritaður.

Samhliða samningnum var farið yfir uppgjör á samningi við Hjallastefnuna vegna ársins 2015 og kom fram að vegna launahækkana og kostnaðar við sérkennslu hefur kostnaður við rekstur leikskóla farið fram úr fjárhagsáætlun 2015. Sveitarstjóra falið að ganga frá viðauka vegna þess kostnaðar og leggja fyrir næsta fund.

### 2. Þjónustusamningur við fatlað fólk

Fyrir fundinum lá tillaga að þjónustusamningi milli sveitarfélaga á Norðurlandi vestra auk viðauka um þjónustueiningar, starfsfólk og helstu verkefni. Fjárhagsáætlun sem fylgir er samsetning á áætlunum sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks. Samningurinn er fram kominn í ljósi þess að samstarf sveitarfélaga á vestanverðu Norðurlandi innan Róta bs. gengur ekki óbreytt þar sem Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð hafa ákveðið að ganga úr samstarfinu og leita annarra lausna.

Starfshópur um breytingu á þjónustusvæði fyrir fatlað fólk leggur til að Sveitarfélagið Skagafjörður verði leiðandi sveitarfélag í málaflöknum og að gerður verði þjónustusamningur við það.

Stjórn Félags og skólaþjónustu A-Hún hefur fjallað um málið og mælir með að sveitarstjórnir samþykki umræddan samning sbr. fundargerð 18.01.2016.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn Skagastrandar staðfestir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samning, dags. 1. janúar 2016 með gildistíma 1. janúar 2016 - 31. desember 2016, um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Á gildistíma samningsins hefur Sveitarfélagið Skagafjörður fullt umboð sveitarstjórnar Skagastrandar til þess að veita þá þjónustu sem samningurinn fjallar um sem og að taka þær ákvarðanir og setja þær reglur sem framkvæmd verkefnisins kallar á.

Er Sveitarfélaginu Skagafirði því framselt ákvörðunarvald gagnvart íbúum sveitarfélagsins sem sækja um eða fá þjónustu á grundvelli samningsins.



### 3. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu tillögur að gjaldskrá sveitarfélagsins sem voru teknar til umfjöllunar. Sveitarstjórn ræddi þær, gerði nokkrar breytingar en samþykkti síðan gjaldskrár eftirfarandi deilda:

- a. Skagastrandarhafnar
- b. Leikskólans Barnabóls
- c. Húsnæði Höfðaskóla og skólamáltíða.
- d. Vegna hunda og kattahalds
- e. Gjald fyrir veiði refa og minka
- f. Íþróttahúss og sundlaugar
- g. Bókasafns Skagastrandar
- h. Tjaldstæðis Skagastrandar

Fram kom að ekki hafi unnist tími til að ljúka tillögum að gjaldskrár vegna leiguhúsnæðis og vatnsveitu og afgreiðslu þeirra vísað til næsta fundar. Gjaldskrá Fellsborgar var einnig frestað til næsta fundar.

### 4. Sala íbúða

Fyrir fundinum lá söluyfirlit vegna sölu á íbúðinni Suðurvegi 4 ásamt drögum að söluumboði til Dómus fasteignasölnunar. Umræður urðu um sölu íbúðarinnar og annarra íbúða. Sveitarstjóra falið að ganga frá söluumboðinu sem leiði til þess að íbúðin verði auglýst til sölu.

### 5. Bréf:

- a. Lohja, dags. 11. desember 2015

Bréfið er tölvubréf frá Johanna Alatalo, upplýsingafulltrúa vinabæjarins Lohja í Finnlandi. Í tölvubréfinu kemur fram að þar sem Aabenraa sé gengið úr vinabæjasamstarfinu muni Lohja bjóða til vinabæjamóts 2016 og stefnt sé að vinabæjamóti 9. – 12. júní 2016.

Bréfið var til kynningar.

- b. Ámundakinnar, dags. 13. janúar 2016

Í bréfinu er greint frá því að SAH Afurðir ehf. hafi selt öll hlutabréf í Ámundakinn ehf að andvirði 6,7 milljónir króna. Vísað er til samþykktu félagsins um forkaupsrétt hluthafa og veittur frestur til 1. mars 2016 til að svara hvort forkaupsréttur verði nýttur.

Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að nýta ekki forkaupsréttinn.

### 6. Fundargerðir:

- a) Fræðslunefndar, 20.01.2016

Fundargerðin var til kynningar

- b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún 18.01.2016

Fundargerðin var til kynningar.

- c) Stjórnar SSNV, 12.01.2016

Fundargerðin var til kynningar.



- d) Heilbrigðisnefndar, 29.12.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar Hafnasambands Íslands, 14.12.2015  
Fundargerðin var til kynningar
- f) Stjórnar Hafnasambands Íslands, 18.01.2016  
Fundargerðin var til kynningar
- g) Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 26.11.2015  
Fundargerðin var til kynningar
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 30.11.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 11.12.2015  
Fundargerðin var til kynningar.

#### 7. Önnur mál

Umræðu urðu um líkamsræktaraðstöðu í íþróttahúsinu. Fram kom að unnið er að lausnum á að skólastarfið geti allt farið fram í skólahúsinu og með því losni kennslustofa í íþróttahúsinu sem hægt væri að setja líkamsræktina í.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.10

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson